

## **Stafafell í Lóni**

Greinargerð með deiliskipulagi á tjaldsvæði og þjónustumiðstöð



dags. 17.01. 2020



Áslaug Traustadóttir landslagsarkitekt FÍLA  
og Margrét Ólafsdóttir  
**Hamraborg 12, 200 Kópavogi**  
**sími 554 5300 5360**

## Efnisyfirlit

1. INNGANGUR .....	3
2. STADHÆTTIR.....	3
3. FYRIRLIGGJANDI SKIPULAG .....	4
4. SKIPULAGSSKILMÁLAR .....	4
4.1 Almennt.....	4
4.2 Aðkoma .....	4
4.3 Vegir .....	4
4.4 Gönguleiðir .....	4
4.5 Bílastæði.....	4
4.6 Rútustæði.....	4
4.7 Tjaldsvæði.....	4
4.8 Þjónustuhús .....	5
4.9 Hreinlætisaðstaða.....	5
4.10 Leiksvæði og boltavellir.....	5
4.11 Rotþrær og frárennsli- ath.....	5
4.12 Sorphirða .....	5
4.13 Veitur og lagnir .....	5
4.14 Kalt vatn. ....	6
4.15 Rafmagn.....	6
5. UMHVERFISÁHRIF.....	6

## Teikningaskrá:

Teikningar sem fylgja greinargerðinni eru þessar:

1. Deiliskipulagsuppdráttur (mælikvarði 1: 1500)

## 1 INNGANGUR

Á undanförunum rúmum áratug hefur orðið veruleg breyting á kröfum um búnað og aðstöðu á tjaldsvæðum.

Hugmyndin gengur út á að koma upp þjónustumiðstöð með nútímalegri og góðri gistaðstöðu á tjaldsvæði til að mæta þeim aukna ferðamannafjölda sem „gistir á eign vegum“ þ.e. notar húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi o.s.frv. Einnig er reiknað með að þjónustu- og upplýsinga miðstöð fyrir ferðamenn. Svæðið gæti bæði tekið við hópum sem gista í hefðbundnum tjöldum svo um leið og það byði upp á góða aðstöðu fyrir tjald- og fellihýsi og húsbíla.

Tjaldsvæði á Íslandi eru flokkuð eftir flokkunarviðmiði sem Ferðamálaráð Íslands hefur sett fram. Markmiðið er að uppfylla í áföngum 4 stjörnu viðmið fyrir tjaldsvæðin í Stafafelli.

Helstu flokkunarviðmið eru þessi:

- Tjaldsvæði greinilega afmarkað
- Starfsfólk hafi fasta viðveru á álagstíma
- Aðgengileg gestamóttaka með upplýsingatöflum
- Veglýsing
- Aðstaða til losunar affallsvatns og seyru af húsbílum
- Aðstaða til sorpflokkunar
- Heitt og kalt vatn
- Aðgangur að síma allan sólarhringinn
- Leikaðstaða
- Sérstök staði fyrir húsbýla og fellihýsi með aðgengi að rafmagni.

## 2 STADHÆTTIR

Svæðið liggur neðan (sunnan) þjóðveggar 1 við bæinn Stafafell í Lóni, austan við Höfn í Hornafirði. Stafafell liggur á bökkum Jökulsár í Lóni og er vel í sveit sett til að þjóna ferðalöngum, bæði þeim sem eru á ferð um hringveg landsins og sérstaklega þeim sem sækja Lónsöræfi heim. Rétt neðan svæðisins er mikið fuglalíf á sumrin og liggur þjónustumiðstöðin á milli gistisvæðanna og fugla-svæðisins. Reiknað er með aðstöðu til fuglaskoðunar.

Skipulagið af svæðinu gefur möguleika á að hægt sé að byggja svæðið upp í áföngum. Þannig getur svæðið þróast eftir þörf og aðstæðum. Einnig væri hægt að reka þau svæði sem fullbyggð eru án truflana þótt verið sé að koma upp aðstöðu á nýjum svæðum.

Fullbyggt gæti svæðið borið um 70 staði fyrir húsbýla/fellihýsi með mögulegri stækkun upp á um 20.

Hópferðatjaldsvæði fyrir um 40 tjöld, almenn tjaldsvæði fyrir allt að 80 tjöld og stæðum fyrir allt að 10 síðbúna gesti.

Einnig þjónustumiðstöð með upplýsingum og annarri aðstöðu fyrir ferðamenn, salernis og hreinlætisaðstöðu ásamt bílastæðum og gámastæðum.

### 3 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAG

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið Hornafjörð þá er skipulagssvæðið í skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF-3) sem er skilgreint sem tjaldsvæði á Stafafelli sýnt sem hringtákn að stærð 1ha, staðsetning svæðisins er þau ekki rétt á skiplagsuppdrættinum en það er sýnt ofan þjóðveg.

### 4 SKIPULAGSSKILMÁLAR

#### 4.1 Almenn

Lega vega, stíga og afmörkun bílastæða er sett fram í deiliskipulagstillögunni eru leiðbeinandi og því ekki bindandi sem endanleg úfærsla. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið geti tekið við samtals 800- 900 gestum á háannatíma en reynslan hefur sýnt að slíkir toppar eru aðeins fáa daga á hverju sumri.

#### 4.2 Aðkoma

Svæðið liggur sitt hvoru megin Hraunkostvegur (vegur 9711) og er inn og útkeyrsla að tjaldsvæðinu er frá þeim vegi.

#### 4.3 Vegir

Aðkomur eru að hverju svæði fyrir sig frá Hraunkotsvegi til að dreifa umferð sem best. Einnig liggur vegtenging langs í gegnum eystra svæðið og tengir þannig þjónustumiðstöð að nærliggjandi tjaldsvæðum. Frá þeim vegi er gert ráð fyrir a.m.k. tveimur tengingum út á þjóðveg.

#### 4.4 Gönguleiðir

Gönguleiðir tengja saman mismunandi svæði og út frá þeim eru gönguleiðir til aðliggjandi staða. Gönguleiðir sem fylgja vegum um svæðið eru ekki sýndir sérstaklega.

#### 4.5 Bílastæði

Bílastæðum verður komið fyrir á eftirfarandi stöðum

Við þjónustumiðstöð	20 bílastæði
Almenn stæði við alm. tjaldstæði syðst á lóð	34 bílastæði
Almenn stæði við alm. tjaldstæði nyrst á lóð	5 bílastæði
Gert er ráð fyrir að innan hvers stæðis fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla verði jafnframt eitt bílastæði	71 bílastæði
samtals	130 bílastæði

#### 4.6 Rútustæði

Við hópferðastæði	2 rútustæði
samtals	2 rútustæði

#### 4.7 Tjaldsvæði

Svæðinu er skipt upp fyrir mismunandi notendahópum á eftirfarandi hátt:

	stærð	Fjöldi
Almenn tjaldsvæði á flötum	50 m <sup>2</sup>	75
Tjaldsvæði fyrir hópferðir	50 m <sup>2</sup>	40

Möguleg viðbót	50 m <sup>2</sup>	20
Stæði fyrir tjaldvagna, fellhýsi og húsbíla	80 m <sup>2</sup>	71
samtals		206

#### 4.8 Þjónustuhús

Byggingarreitir 870 m<sup>2</sup> og er staðsetning á þjónustuhúsi innan byggingareitsins frjáls. Hámarksstærð á þjónustuhúsum er samtals 250 m<sup>2</sup>.

Aðalmænisstefna hússins er ekki bundin.

Í þjónustuhúsi verður aðstaða fyrir umsjón, upplýsingamiðstöð, salerni, sturtur og aðra þjónustu sem tengist tjaldsvæðisgestum.

#### 4.9 Hreinlætisaðstaða

Samkvæmt viðmiðunum Hollustuverndar þykir hæfilegt að 3-4 salerni þurfi fyrir 400-500 gesti og er þeirri þörf rúmlega fullnægt skv. skipulagstillögunni.

Gert er ráð fyrir þremur salernishúsum auk salerna í þjónustuhúsi.

1. Salerni með sturtum við almenn tjaldstæði syðst á vestur svæðinu.
2. Salerni með sturtum við húsbílastæði nyrst á vestursvæðinu.
3. Salerni með sturtum við húsbílastæði og almenn tjaldstæði á norðaustur hluta.

Í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 VII kafla, gr.32. er fjallað um þau skilyrði sem svæði þarf að uppfylla varðandi búnað til hreinlætis og fl.

Á fjórum stöðum verður komið upp stökum vöskum og brynningarstöðum, en staðsetning þeirra verður ákveðin þegar lagnaleiðir verða hannaðar.

#### 4.10 Leiksvæði og boltavellir

Litlum leikvöllum er dreift um svæðið þannig að stutt sé í þá alla. Boltavöllur er staðsettur á flöt í norðvestur horni svæðisins.

#### 4.11 Rotþrær og frárennsli

Frágangur og gerð rotþróa og frárennslislagna skal gera í samráði við heilbrigðiseftirlit og fara skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins.

Gert er ráð fyrir tveimur rotþróum;

1. Rotþró við aðkomubílastæði verður jafnframt tengt vöskum fyrir losun á ferðasalernum. Stærð rotþróarinnar er um 7000 lítrar.
2. Rotþró við þjónustumiðstöð. Stærð rotþróarinnar er áætluð 16 000 lítrar.
3. Sturtuvatn verður aðskilið frá rotþróum og fer í grófan grjótsvelg.

#### 4.12 Sorphirða

Gert er ráð fyrir sorpgámi og endurvinnslugámi á eftirfarandi stöðum:

1. Við veg nyrst á svæðinu.
2. Við þjónustumiðstöð

Stökum ruslatunnum verður dreift um svæðið eftir þörfum.

#### 4.13 Veitur og lagnir

Ekki liggur fyrir hönnun á veitum og lögnum en gert ráð fyrir að lagnaleiðir verði eftir vegum og stígum og um frágang þeirra verði haft samráð við byggingarfulltrúa og veitustofnanir. Uppbygging og rekstur mismunandi veitna og lagna er tilgreind í eftirfarandi skilmálum.

#### 4.14 Kalt vatn.

Lagnaleiðir verður eftir vegum og stígum. Þær verða tengdar hreinlætisaðstöðu og 4 vöskum/brynningarstöðum sem verður dreift um svæðið.

#### 4.15 Rafmagn

Rafmagn verður lagt eftir vegum að þjónustuhúsi og hreinlætisaðstöðu. Á stæðum fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla verður komið fyrir rafmagnstengi fyrir fjögur stæði. Hámarks lengd frá rafmagnstengi verður 25 m.

### 5 UMHVERFISÁHRIF

Umhverfisáhrif tillögunnar eru óveruleg en skipulagssvæðið liggur neðan við núverandi legu þjóðveggar 1 við bæinn Stafafell í Lóni og er aðkoma að svæðinu eftir núverandi vegtengingu. Staðsetningin er góð til að þjóna þeim sem eru á ferð um hringveginn en þó sérstaklega þeim sem vilja sækja Lónsöræfi heim. Svæðið er á gömlum túnnum og á þegar framræstu svæði, en skv. vistgerðarkorti NÍ er svæðið flokkað sem tún og akurlendi, sjá mynd 1. Í Lóni er ríkulegt fuglalíf á sumrin en skipulagssvæðið er ekki flokkað sem mikilvægt fuglaverndarsvæði.

